

## Nokkrir punktar frá foreldrum í Suðurbæ

*Til að hafa í huga við umræðu um tillögur um að loka starfsstöð við Hlíðarbraut*

Við viljum byrja á að þakka fyrir tækifærið að fá að koma hérna til ykkar og fá að koma okkar sjónarmiðum á framfæri. Við komum hér fyrir hönd foreldra sem vilja gæta hagsmuna barna sinna og annarra barna í Suðurbænum.

Eins og kunnugt er hefur nú verið kynnt fjárhagsáætlun þar sem koma fram ýmsar leiðir til að bæta fjárhag sveitafélagsins og ekki reynist vanþörf á. Eins og fram kom á íbúafundi er markmið fjárhagsáætlunar að bæta þjónustu en ekki skerða hana.

Okkur langar að koma að sjónarmiðum foreldra sem eiga börn í Suðurbænum og ætla að ræða tillögur um að loka starfsstöð Brekkuhvams við Hlíðarbraut, sem gengur í almennu tali undir nafninu Kató.

- ✓ Það er óumdeilt að í Hafnarfirði eru næg leikskólaláss og verða hugsanlega fleiri í ákveðnum bæjarhlutum á næstu árum. Eins og flestir þekkja felst vandinn einna helst í því hvernig leikskólaláss dreifast í bænum því fleiri leikskólaláss eru í Norðurbænum en þörf er á fyrir þann bæjarhluta. Á móti skortir tilfinnanlega leikskólaláss á Völlunum og þar á eftir virðist Suðurbærinn ætla að verða næstur í röðinni.

### Suðurbærinn

- ✓ 4000 manna byggð er með 307 börn á aldrinum 0-5 ára og af þeim eru 214 á aldrinum 2-5 ára og því í leikskóla núna. 2014 árgangurinn sem er næstur inn á leikskóla er 54 börn og 2015 árgangurinn er 39 börn.
- ✓ Í hverfinu hafa verið 2 leikskólar, Hvammur og Kató sem alls gera um 152 pláss en 116 pláss ef Kató verður lokað.
- ✓ Af 15 leikskólum bæjarins þá verður einn í Suðurbænum þar sem meðalaldur lækkar hratt og barngildi vex, af því sem okkur virðist út frá þeim tölum sem okkur hefur tekist að afla okkur.
- ✓ Sá leikskóli sem er næstur Suðurbænum væri þá líklega Brekkuhvammur sem tilheyrir öðru skólahverfi. Eins og staðan er þar núna er hann fullsetinn og mun þá hugsanlega taka við affallsbörnum úr Suðurbænum ef pláss verður til staðar þar.
- ✓ Það er því ekki nægjanlegt að tryggja það að börn sem eru nú þegar á Kató komist annarstaðar inn og á sama leikskóla eins og rætt hefur verið. Hvað með börnin sem eru að koma inn á næstu árum, hvernig verður þeim dreift?
- ✓ Að okkar mati gefa þessar tölur nægt tilefni til að staldra við og endurmeta stöðuna í Suðurbænum. Það er mikilvægt að gera áður en ákvarðanir eru teknar með leikskólaláss í því hverfi, svo ekki komi upp sú staða sem nú er á Völlunum.
- ✓ Það hefur komið fram að raunsparnaður við lokun starfsstöðvarinnar sé 43 milljónir. Megninu af þeim sparnaði á að koma fram í launsparnaði sem óhjákvæmilega kemur fram þegar 5 deilda leikskóla er breytt í þriggja deilda leikskóla.
- ✓ Brekkurhvammur við Hlíðarbraut er ekki stór eining en við sjáum ekki betur samkvæmt tölum sem Haraldur bæjarstjóri kynnti á íbúarfundi að **rekstur Brekkuhvams með**

**starfsstöð við Hlíðarbraut** sé vel rekinn 5 deilda leikskóli sem er mjög sambærilegur í rekstarkostnaði og aðrir leikskólar í bænum og ekki tilefni til að draga úr rekstri hans (nettó útgjöld á hvert heilsdagsgildi eru í meðallagi miðað við leikskóla í Hafnarfirði). Því skyldi varast að draga þá ályktun að litlar einingar séu óhagkvæmar. Ef grannt er skoðað er Kató mjög hagkvæm lítil eining sem hámarkar nýtingu á sínum tveimur deildum.

- ✓ Það er óhjákvæmilegt að bregðast við offramboði í Norðurbænum og þó við þekkjum þetta ekki eins vel og þið, þá verður vandinn ekki leystur með því að draga úr framboði plássu í öðrum hverfum og koma þannig út á sléttu. Þvert á móti mætti kanna þann möguleika að hagræða rekstrarfyrirkomulagi þeirra leikskóla sem nú þegar eru með of mikið af lausum plássum í stað þess að fækka leikskólaplássum í hverfi sem, eins og staðan er í dag, hefur ekki úr miklu að móða.
- ✓ Það verður líka að gæta hagsmuna íbúa í norðurbænum sem sumir hverjir hafa látið í sér heyra vegna mikillar umferðar í bænum á morgnanna þegar foreldra drifur að úr mörgum áttum með börnin í leikskóla á sama tíma og börn þeirra eru að ganga í skólanna. Áhyggjuraddir hafa heyrst frá íbúum í Norðurbænum með þessa miklu umferð á morgnanna og hættu sem kann að hljóta þar af.
- ✓ Fyrir okkur foreldrana er málið ekki pólitískt, þvert á móti. Í okkar röðum er fólk úr öllum flokkum sem eigum það sameiginlegt að hafa komið okkur fyrir til frambúðar í Suðurbænum. Viljum geta sótt grunnþjónustu í okkar bæjarhluta, annað er í raun óásættanlegt og sú krafa yrði aldrei gerð að barn yrði að sækja grunnskóla utan hverfis því það væri meira pláss í öðrum skóla.
- ✓ Aðalatriðið í okkar huga er öryggi barna okkar og velferð, sem betur fer eru foreldrum í blóð borin sú skylda að berjast fyrir því sem þeir telja börnum sínum best. Við komum hér til að tala þeirra máli.
- ✓ Við skiljum að það þarf að skera niður í rekstri bæjarins en við höfum ekki trú á því að þetta sé rétta leiðin. Í raun leiði hún ekki til sparnaðar, heldur feli í sér aukinn kostnað fyrir bæinn og foreldra.

### Aðeins að leikskólanum sjálfum

Fyrir utan þá þætti sem snúa að rekstarmálum og hvort um raunverulegan sparnað er að ræða ættum við öll einnig að skoða fleiri hliðar málsins. Ég vil nota tækifærið og fá að tæpa á þessum atriðum í lokinn.

- ✓ Margir foreldrar þurfa að keyra lengri vegalengdir sem skapa meiri umferð og þar með meiri mengun. Markmið bæjarins ætti að vera að draga úr þessum auka kostnaði og mengun í bænum eins og unnt er, ekki auka þar á með því að auka fjarlægð íbúa frá grunnþjónustu.
- ✓ Það er vel þekkt að ung börn þarfnast mikils öryggis í umhverfi. Umskipti frá leikskóla yfir í grunnskóla er stórt skref í lífi hvers barns. Hjá flestum gengur það farsælega en það ber að hafa í huga að börn sem börn sem búa við einhverskonar skerðingu, hvort sem er vegna þroska, félagslegra aðstæðna eða námsvanda, hafa sérstakra hagsmuna að gæta að tilheyra vinahópi sem þau þekkja og sem þekkja til þeirra aðstæðna. Að fara á milli skólastiga með börnum sem hefur alist upp saman í leikskóla veitir aukið öryggi fyrir öll börn en sérstaklega þennan hóp.

Ekki má gleyma að á Kató er fyrst og fremst verið að vinna frábært starf. Smæðin og nándin gerir Kató að einstökum stað og við teljum að svona nálgun í leikskólamálu ætti að vera til eftirbreytni. Ekki eitthvað sem við ættum að standa í núna árið 2015 að útrýma.

- ✓ Smærri einingar fyrir yngri börn- setjið ykkur í þeirra spor - hugsið til baka til þess þegar þið voruð að alast upp, fyrir mína parta er ég þakklát fyrir það að hafa ekki verið á 10 deilda leikskóla.
- ✓ Við fórum um Suðurbæinn og á nokkra staði í Hafnarfirði til að safna undirskriftum og fengum þá tækifæri til að hitta nokkuð marga bæjarbúa og heyra sjónarmið þeirra. Gaman að segja frá því að við hittum unga sem aldna sem höfðu verið á Kató og allt upp í 3 ættliði.
- ✓ Margir lýstu yfir óánægju með að heyra að það ætti að loka þessum gamalgróna leikskóla sem er orðinn rúmlega 80 ára (að vísu ekki í sama húsi og hann var upprunalega). Kató er hluti af arfleifð sem að nunnurnar skildu eftir sig ásamt St.Jósefsspítala. Hann er hluti af sérstöðu, sögu og menningu bæjarins.
- ✓ Þarna skynjuðum við sérstöðu Hafnarfjarðar og þetta var ein áminningin um hvað er gott að búa í Hafnarfirði því hér eigum við okkar sögu og hefðir, við erum ekki litla Reykjavík og verðum að hlúa að okkar menningu.
- ✓ Margir íbúar lýstu yfir áhyggjum af þróun fasteignaverðs í kjölfar þess sem grunnþjónusta verði hugsanlega flutt út úr hverfinu.
- ✓ Ef farið er um hverfið verðum maður þess fljótt áskynja að mikil endurnýjun á sér stað. Yngra fólk sem nýlega hafði fest kaup á fallegum eignum í þessu gróna hverfi hafði áhyggjur af flutningi leikskólaplássu úr hverfinu.

Kató hefur mörg sérkenni og þar hefur þróast skólamenning sem hefur þótt til eftirbreytni.

- ✓ Á Kató er stunduð samkennd en hún er þannig að deildum er ekki aldursskipt og allur aldur er saman á deild. Þar eru börnin meira eins og stór systkinahópur, þau yngri læra af þeim eldri sem læra að aðstoða og styðja þau yngri. Þar sem þessi kennsluáferð er ekki algeng þá hefur hún vakið athygli og hafa nokkrir leikskólar í gegnum tíðina sett sig í samband við Kató til að fræðast meira um þessa áferð.
- ✓ Á Kató er lítil starfsmannavelta og þar er samansafnaður hár starfsaldur. Góður starfsandi sem að kemur fram í því hversu vel börnunum líður.

Við vonum það að stjórnendur menntamála í Hafnarfirði haldi í heiðri fjölskyldustefnu bæjarins og gæti að yngstu bæjarbúunum. Valdi þeim og foreldrum þeirra ekki óþarfa álagi, sér í lagi ef það virðist ekki leiða til neins verulegs hagnaðar fyrir bæinn.

Við vona að við berum gæfu til þess að varðveita gamlan menningararf. Ekki af því að gamalt sé alltaf gott heldur af því að við höfum sérstöðu sem tengist sögu bæjarins sem við ættum að gera meira úr en ekki minna.

Ef góð rök liggja fyrir því að við missum fleiri pláss úr okkar hverfi, sem samkvæmt ofangreindum tölum er í raun ekki aflögufært, þá getum við sett okkur inn í þau. Ef svo er ekki, getur þá ekki borgað sig að stíga varlega til jarðar og kanna málið betur svo ekki hljótist skaði af?

✓ **Lausnir sem búa til fleiri vandamál eru ekki góðar lausnir!**

*Margrét Birna Þórarinsdóttir*

*Anna María Axelsdóttir*

*Guðmunda Björk Matthíasdóttir*

*Sæunn Halldórsdóttir*